



Frábæru páskamóti var að ljúka rétt í þessu á Álfsnes. 17 keppendur mættu til leiks í blíðskapar veðri. Sigurður Unnar úr Skotfélagi Reykjavíkur stóð uppi sem sigurvegari á frábæru skori 74. Guðlaugur Bragi úr Skotfélagi Akureyrar var annar á 68 og Gummi Páls úr Skotfélagi Reykjavíkur þriðji einnig á 68.